



ORKUSTOFNUN

Varðar umsókn um lán úr Orkusjóði vegna
borunar eftir heitu vatni fyrir Bifröst í
Borgarfirði

Kristján Sæmundsson, Lúðvík S. Georgsson

Greinargerð KS-LSG-81/09

Varðar umsókn um lán úr Orkusjóði vegna borunar eftir heitu vatni fyrir Bifröst í Borgarfirði.

Smávolgra 13°C heit er í landi Brekku í Norðurárdal. Volgran kemur upp við stóra misgengissprungu, sem liggur yfir Grjótháls austur í þverárhlið og eru þar einnig volgrur meðfram henni. Efnagreining vatns úr volgrunni hjá Brekku bendir til, að fá megi um 55°C heitt vatn með borun þar hjá.

Viðnámsmælingar í Norðurárdal við misgengið virðast styðja að heitt vatn megi vinna úr því. Í fyrstu atrennu hefur Jarðhitadeild lagt til, að boruð yrði um 500 m djúp hola nærri lauginni til nánari könnunar á hitaástandi hugsanlegs vatnskerfis. Þá holu mætti síðar dýpka ef líkur þættu á að vinna mætti nothæft vatn úr henni.

Kostnaður við borun 500 m holu er skv. upplýsingum jarðborunardeilda áætlaður um 600.000,- kr. Frá volgrunni við Brekku eru rúmir 2 km að Bifröst.